

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Guðmundi Andra Thorssyni um endurskoðun námslánakerfisins.

1. *Hefur verið haft nægilegt samráð við námsmenn við endurskoðun á lögum um Láнасjóð íslenskra námsmanna og komið til móts við óskir þeirra, en í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna segir að ráðist verði í endurskoðun námslánakerfisins í samstarfi við námsmannahreyfingarnar?*

Hinn 21. mars í vetur sem leið var skipuð verkefnastjórn um endurskoðun á lögum um Láнасjóð íslenskra námsmanna. Formaður stjórnarinnar er Gunnar Ólafur Haraldsson, hagfræðingur og fyrrverandi forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Aldís Mjöll Geirsdóttir og Ragnar Auðun Árnason sitja í stjórninni fyrir hönd námsmanna. Námsmenn hafa þannig tvo nefndarmenn af sjö og með þeim hætti er haft mikið samráð við þá eins og tilgreint er í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna.

2. *Er gert ráð fyrir auknum fjárveitingum til Láнасjóðs íslenskra námsmanna í samræmi við kostnað sem fylgir innleiðingu styrkjakerfis að norrænni fyrirmynd sem gefin eru fyrirheit um í sáttmála ríkisstjórnarflokkanna?*

Niðurstaða um breytingu á fjárveitingum liggur ekki fyrir fyrir en vinnu verkefnastjórnarinnar er lokið og búið verður að meta mögulegan kostnað sem þær breytingar hefðu í för með sér.

3. *Mun ráðherra leggja til að vaxtastig námslána verði hækkað og tekjutengdar afborganir afnumdar af lánakjörum lántakenda?*

Niðurstöður um vaxtastig námslána og um það hvort tekjutengdar afborganir af námslánunum verða afnumdar liggja ekki fyrir fyrir en heildstætt mat hefur verið lagt á endurgreiðsluþyrði námslána. Markmið með vinnu verkefnastjórnarinnar er að leggja til útfærslur á námslánakerfinu sem stuðla að jöfnum tækifærum til náms sem og jafnari og gagnsærri dreifingu á framlagi ríkisins til nemenda.